



GJALDSKRÁ Byggingarsvið Kjósarhrepps

Fyrir afgreiðslu umsókna, leyfisveitinga og þjónustu byggingarfulltrúaembættis Kjósarhrepps.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um meðferð og útgáfu leyfa sem embættið veitir ásamt þjónustu og eftirliti sem byggingarfulltrúi sinnir í Kjósarhreppi

2. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem sækir um byggingarheimild eða byggingarleyfi, óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfu byggingarfulltrúa skuli greiða þann kostnað sem leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér, sbr. 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna umsýslu málsins, móttöku þess, yfirferðar aðal- og séruppdráttar, úttektir, útgáfu vottorða og skráningarvinnu sem og nauðsynlegra auglýsinga og kynninga sem afgreiðsla málsins kann að fela í sér. Jafnframt skal umsækjandi greiða fyrir aðra þá þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa veitir skv. þessari gjaldskrá.

3. gr.

Innheimta gjalda.

Afgreiðslugjald skal innheimta við móttöku erinda sem fara fyrir afgreiðslufundi byggingarfulltrúa auk skipulags-, umhverfis- og samgöngunefndar. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræf þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna byggingarfulltrúa eða starfsmanns á skipulags- og byggingarsviði hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á fundi.

Byggingaleyfisgjöld skulu endurspegla kostnað embættisins við útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis. Í því felst ein yfirferð aðal- og séruppdráttar, áritun og stimplun teikninga, útgáfa byggingarheimildar eða byggingarleyfis, lögbundið eftirlit með byggingarframkvæmdum s.s. stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir ásamt skráningu húss hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Gjaldskrá byggingarheimilda og byggingarleyfisgjalda miðast við þann áætlaða tímafjölda sem fer í hvern verkþátt og myndar þannig þau viðmiðunarverð sem birtast í þessari gjaldskrá.

Akstur byggingarfulltrúa vegna máls er innifalinn í gjöldum.

Sé tími byggingarfulltrúa verulega umfram áætlaðan tímafjölda og/eða ef kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu er hærri en áætlað var, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald byggingarfulltrúa og/eða, eftir atvikum, starfsmanns skipulags- og byggingarsviðs eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar vinnu. Heimilt er að gera sérstakan skriflegan samning um kostnað og útfærslu byggingareftirlits í viðameiri framkvæmdum, s.s. fyrir stærri framkvæmdir sem falla undir umfangsflokka 2 og 3 og sérhæfð mannvirki sem almenningi er ætlað að eiga aðgengi að.

4. gr.

Gjaldddagi.

Gjöld vegna útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis skal alla jafna innheimt saman með einum reikningi. Afgreiðslu- og byggingarleyfisgjöld skulu undantekningarlaust vera að fullu greidd áður en byggingarheimild eða byggingarleyfi tekur gildi. Gjald vegna stöðuleyfis skal greitt áður en stöðuleyfi er útgefið. Önnur þjónustugjöld skulu greiddast samhliða því að verk er unnið.



5. gr.

Gjöld vegna byggingarheimilda og byggingarleyfa:

Afgreiðslugjald:	21.790 kr. -
Íbúðarhús, allt að 600 m ³ , pr. hús:	282.999 kr. -
Fyrir rúmmetra umfram 600 m ³ , pr. m ³ :	243 kr. -
Útihús og skemmur allt að 1000 m ³ , pr. hús:	147.575 kr. -
Fyrir rúmmetra umfram 1000 m ³ , pr. m ³ :	118 kr. -
Sumarhús, allt að 200 m ³ , pr. hús:	147.575 kr. -
Fyrir rúmmetra umfram 200 m ³ , pr. m ³ :	403 kr. -
Viðbyggingar, bílskúr/skýli, sólstofur og sérhæfðar byggingar allt að 200 m ³ :	147.575 kr. -
Fyrir rúmmetra umfram 200 m ³ :	403 kr. -
Verslunar- og þjónustubygging allt að 500 m ³ :	196.189 kr. -
Fyrir rúmmetra umfram 500 m ³ , pr. hús:	118 kr. -
Veitumannvirki s.s. dæluhús og spennistöðvar, sbr. 3. mgr. 2.3.1 gr. í byggingarreglugerð:	98.250 kr. -
Niðurrif - vottorð:	21.790 kr. -
Stærri framkvæmdir sem falla undir umfangsflokka 2 og 3:	Skv. samningi

6.gr.

Úttektir

Úttektargjald:	68.233 kr. -
Áfangaúttekt/stöðuúttekt, vottorð/skýrsla:	68.233 kr. -
Úttekt vegna meistaraskipta:	68.233 kr. -
Úttekt vegna byggingarstjórnarskipta:	68.233 kr. -
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft:	21.790 kr. pr/klst.

7.gr.

Stöðuleyfi og auglýsingaskilti

Stöðuleyfi vegna gáma, hjólhýsa, báta o.fl., að hámarki til 12 mánaða:	36.460 kr. -
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti, að hámarki til 12 mánaða:	32.460 kr.

8. gr.

Þjónustugjöld:

Yfirferð aðal- og séruppdráttar:	21.790 kr. pr/klst.
Afskráning eigna úr fasteignaskrá HMS:	21.790 kr. -
Breyting á notkun húsnæðis með úttekt:	68.233 kr. -
Breyting á notkun húsnæðis – skráning í fasteignaskrá HMS:	21.790 kr. -
Flutningsleyfi:	21.790 kr. -
Endurútgefin byggingarheimild eða leyfi á áður samþykktu erindi – óbreytt gögn:	43.580 kr. -
Umsýsla vegna óleyfisframkvæmda:	21.790 kr. pr/klst.



9. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við á og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Samþykkt byggingaráform falla úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 2ja ára frá samþykkt þeirra á afgangslufundi byggingarfulltrúa. Byggingarheimild og leyfi gildir í 12 mánuði frá útgáfu.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun í heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Innheimta skal byggingarleyfisgjöld áður en byggingarheimild- eða leyfi er gefið út, sbr. 53. gr. í lögum um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við launavísitölu í janúar 2025 sem er 1.059,4 stig og breytist 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni, námundaðar í næsta heila hundrað, og gilda til loka viðkomandi almanaksárs. Fyrsta hækkun reiknast í janúar 2026.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010, öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Með samþykki gjaldskrár þessarar fellur úr gildi núverandi gjaldskrá fyrir skipulags- og byggingarmál í Kjósarhreppi nr. 1065/2020.

Gjaldskrá þessi var kynnt í skipulags-, umhverfis-, og samgöngunefnd þann 30. október 2025, án athugasemda og staðfest af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 5. nóvember 2025.

Kjósarhreppi, 8. desember 2025

Þorbjörg Gísladóttir

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri

B-deild - Útgáfudagur

